



Hallarekstur hefur verið á félaginu undanfarin ár en reksturinn er nú kominn í betra horf. MYNDVALLI

Hefur náð góðum tökum á rekstrinum

Höskuldur Sæmundsson tók við sem framkvæmdastjóri Geðhjálpur í maí á síðasta ári. „Ég var beðinn um að taka þetta að mér tímabundið en nú hefur verið gert samkomulag um að ég haldi áfram enda líkar mér mjög vel og stjórninni virðist líka mín störf,“ segir Höskuldur, sem hefur lengi verið viðloðandi rekstur á félagasamtökum. Hann segir að hallarekstur hafi verið á félaginu undanfarin ár en að þegar hafi náðst góður árangur og að reksturinn sé í betra horfi.

„Við höfum þurft að taka fjármálin í gegn og höfum meðal annars fækkað þeim dögum sem er boðið upp á mat í þrjá í viku.

Þá höfum við lækkað starfshlutfall allra starfsmanna og lokum nú eftir hádegi á föstudögum. Eins höfum við alveg lokað fyrsta föstudag í mánuði.“ Höskuldur segir skjólstæðingana hafa sýnt þessu skilning og að starfsemin sé á fullu þrátt fyrir breytingar.

„Takmarkið er að ástandið í samfélaginu sé þannig að samtök eins og Geðhjálp séu óþörf og því eiginlega vasamarkmið hjá mér að hægt verði að leggja þau niður. En það er auðvitað fjarlægur draumur og samtök-in verða til staðar hér eftir sem endranær. Það er mikil barátta fram undan og nógu að sinna.“